



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Siðareglur starfsfólks í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

1. gr.

Markmið

Markmið með reglum þessum er að skilgreina það háttarni og viðmót sem ætlast er til að starfsfólk Skeiða- og Gnúpverjahrepps sýni af sér við störf sín fyrir hönd Skeiða- og Gnúpverjahrepps og efla þannig fagleg vinnubrögð og auka traust á stjórnýslu og starfsemi sveitarfélagsins. Reglur þessar ná alls starfsfólks sveitarfélagsins og skal hver og einn gæta að því fyrir sitt leyti að farið sé eftir siðareglum þessum.

2. gr.

Starfsskyldur

Starfsfólk skal í störfum sínum gæta þess að byggja ákvarðanir sínar á þeim lögum, reglum og samþykktum sem við eiga í hverju tilviki fyrir sig sem og fylgja sannfæringu sinni. Það er á ábyrgð hvers og eins að kynna sér til hlítar þau lög og þær reglur sem liggja til grundvallar viðkomandi starfi.

Starfsfólk skal vinna sín störf fyrst og fremst í þágu íbúanna og setja almannahagsmuni ofar sérhagsmunum, hvort heldur er sínum eigin, annarra einstaklinga eða einstakra hópa. Starfsfólk skal gæta þess að fara vel með það vald sem því er falið, ekki nýta það í eigin þágu, gæta að sanngirni og meðalhófs og ávallt að hafa í heiðri ýtrustu kröfur um ráðvendni, skilvirkni og réttlæti í störfum sínum í þágu sveitarfélagsins.

Starfsfólk skal rækja starf sitt af alúð og samvirkusemi, gæta kurteisi, lipurðar í samskiptum og réttsýni og veita þeim sem til þess leitar aðstoð og leiðbeiningar.

Starfsfólk skal gæta þess að framkoma og athafnir, jafnt á vinnustað sem utan hans, samrýmist starfi því sem hann gegnir.

3. gr.

Háttvísi og virðing

Í störfum sínum skal starfsfólk koma fram af háttvísi, heiðarleika og rækja störf sín af ábyrgð. Þeim ber að viðra ákvörðunarvald, réttindi og hlutverk annars starfsfólks og nefndarmanna sveitarfélagsins og sýna störfum þeirra virðingu.

Starfsfólk skal ávallt sýna hvert öðru, nefndarmönnum, þjónustupegum og gestum sveitarfélagsins kurteisi og virðingu í öllum samskiptum.

Starfsfólk skal ekki beita öðru starfsfólki sveitarfélagsins, nefndarmönnum, þjónustupegum sínum eða gestum þess kynferðislegu eða kynbundnu áreiti, hvers konar ofbeldi, né einelti.

Sé mati beitt við ákvarðanatöku af hálfu starfsfólks skal ákvörðunin byggjast á málefnalegum sjónarmiðum og starfsfólk gæta að óhlutdrægni við ákvarðanatöku. Óheimilt er að mismuna aðilum á grundvelli kyns, kynþáttar, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, þjóðernisuppruna, trúar, aldri, lífskoðunum, fötlun og skertri starfsgetu.

4. gr.

Hæfi

Starfsfólk skal gæta þess að persónulegir og fjárhagslegir hagsmunir þess, fjölskyldu eða vina fari ekki í bága við starfsskyldur. Þannig skal starfsfólk ekki taka þátt í málsmeðferð og ákvarðanatöku ef fjölskyldutengsl eru milli starfsfólks og málsaðilans, málið varðar starfsfólkið sjálft eða ef málið varðar aðila því tengdu. Starfsfólki ber skylda til að upplýsa um möguleg tengsl.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

5. gr.

Ráðdeild

Stjórnandi deilda sveitarfélagsins ber að virða fjárhagsáætlun og grundvallarreglur um fjármálastjórnun til að tryggja réttmæta og ábyrga meðferð á almannafé. Starfsfólk skal ganga vel um eignir sveitarfélagsins og tryggja sem best nýtingu á fjármunum þess.

6. gr.

Gjafir og fríðindi

Starfsfólki er óheimilt að þiggja og/eða sækjast eftir gjöfum, boðsferðum, greiðslum eða öðrum hlunnindum, nema um sé að ræða óverulegar gjafir eða verðmæti, frá þjónustuþegum, viðskiptamönnum, verktökum, öðrum samstarfsaðilum eða þeim er leita eftir þjónustu sveitarfélagsins, né aðra fyrirgreiðslu ef túlka má það sem endurgjald fyrir greiða. Í störfum sínum skal starfsfólk forðast alla hegðun sem gæti talist fela í sér að veita eða þiggja óeðlilega fyrirgreiðslu.

7. gr.

Trúnaður

Starfsfólk sveitarfélagsins ber að gæta þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls og gæta ber trúnaðar um. Starfsfólki er óheimilt að afla trúnaðarupplýsinga í starfi sínu sem ekki hafa þýðingu fyrir starfið. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

8. gr.

Að virða hlutverk starfsfólks

Starfsfólk skal í störfum sínum virða hlutverk annars starfsfólks og nefndarmanna Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Aðili í starfi má ekki hlutast til um að annað starfsfólk geri neitt það sem hefur þann tilgang að verða því sjálfu á beinan eða óbeinan hátt til hagsmunalegs ávinnings, né heldur aðila nátengdum þeim eða ákveðnum hópum eða fyrirtækjum.

Starfsfólk sem verður vart við spillingu, ólögmæta eða ótilhlýðilega háttsemi skal koma upplýsingum um slíka háttsemi til þar til bæra aðila.

9. gr.

Hagsmunaárekstrar

Starfsfólki er óheimilt að sinna öðrum störfum sem leitt geta til hagsmunaáreksturs, sem telja má eða sé í samkeppni við starfsemi sveitarfélagsins eða að öðru leyti teljast ósamrýmaleg starfi hans. Tilkynna skal næsta yfirmanni ef starfsfólk tekur að sér önnur launuð störf eða trúnaðarstörf.

10. gr.

Upplýsingamiðlun

Starfsfólk skal stuðla að því að upplýsingar um ákvarðanir og starfsemi þeirrar deildar eða stofnunar sveitarfélagsins sem það starfar hjá séu aðgengilegar almenningi enda sé ekki um upplýsingar að ræða sem leynt þurfa að fara samkvæmt lögum. Ákvarðanir ber að rökstyðja og skulu ástæður einstakra ákvarðana vera skýrar og ljósar.

11. gr.

Miðlun siðareglna til starfsfólks og almennings

Siðareglurnar eru settar fram sem almennar viðmiðunarreglur um góða háttsemi sem allt starfsfólk sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps skal hafa að leiðarljósi í störfum sínum auk þess að vera leiðbeiningar um það hvernig skuli bregðast við þegar siðferðileg álitamál koma upp í störfum þess.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Siðareglurnar skulu vera aðgengilegar starfsfólki sveitarfélagsins, almenningi og fjölmiðlum á heimasíðu Skeiða- og Gnúpverjahrepps eða á annan þann hátt sem sveitarstjórn ákveður til að þessir aðilar geti gert sér grein fyrir meginreglum þeirra.

Það er á ábyrgð stjórnenda sveitarfélagsins að kynna starfsfólki reglurnar og jafnframt er gert ráð fyrir að starfsfólk kynni sér reglurnar í upphafi ráðningar og staðfesti það við undirritun ráðningarsamnings.

12. gr.

Brot á siðareglum og málsmeðferð

Ef starfsfólk verður þess áskynja að siðareglur hafi verið brotnar ber því að vekja athygli á því við sveitarstjóra Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Bregðast skal við slíkum ábendingum. Komi upp ágreiningur um túlkun siðareglanna má skjóta honum til siðanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga til almennrar umfjöllunar og leiðsagnar til málsaðila.

Samþykkt af sveitarstjórn á sveitarstjórnarfundum Skeiða- og Gnúpverjahrepps 21. ágúst 2024.